

## Nemendaráð 2. mars 2015

Áfram unnið að skipulagi nemendadags:

Ákveðið að hafa frjálst nesti fyrir nemendur (Sætabrauð, snakk og safar)

Rætt um þema – ákveðið að hafa ekkert sérstakt þema varðandi klæðaburð eða slíkt að þessu sinni enda nóg komið af slíku í bili ☺

Nemendaráð hittist þrisvar í viðbót dagana 4.-12. mars til að fullslípa dagskrána og hún varð að lokum svohljóðandi:

8:10 Nemendur mæta í heimakróka, fulltrúar í nemendaráði á hverjum stað gera nafnakall og hróshring í samvinnu við kennara (í eldri bekkjunum, en kennarar geri þetta í þeim yngri eins og venjulega)

8:30 Mæting á sal. Nemendaráð stjórnar dagskrá. Hæfileikakeppni starfsmanna og spurningakeppni milli nemenda og starfsmanna.

9:30 – Frímínútur og frjálst nesti – 1.-3. bekkur fer út, 4.-7. bekkur verður inni, kennarar fara út í frímínútur, skólaliðar og stuðningsfulltrúar halda uppi gæslu inni.

10:00-11:30 í boði að horfa á myndir á svæðum:

- 1. bekkjar (Tangled)
- 2.-3. bekkjar (Hopp)
- 4.-5. bekkjar (Bend it like Beckham)
- unglingsstígs (Dumb and dumber to (7 ára aldurstakm))
- Vaðlaheiði (Indiana Jones 4 (12 ára aldurstakmark)).

10:00-10:20 Fótboltaleikur milli starfsmanna og nemenda á gervigrasvelli (7 manna lið, 2x10 mínútur) Atli stýrir liði starfsmanna, Signý og Birgir liði nemenda. Gutti dæmir.

10:00-11:30 spil á sal og matsal

10:00-11:30 skólaskákmót á svæði 6.-7. bekkjar (umsjónarkennarar taki á móti skráningum á skákmót og sendi áfram til skólastjóra)

Matur kl. 11:30-12:00

Heimferð nemenda (eða Frístund) kl. 11:45-12:00

Stjórnun dagskrár á sal: Ágúst, Brynjólfur og Agnar

Hæfileikakeppni – Íris, Alex og Viktor dæma, velja tvö bestu atriðin og salur dæmir á milli þeirra með hávaða.

Spurningakeppni: Brynjólfur og Íris semja spurningar og spyrja / dæma. Komið lið frá nemendum (Ari, Sigmar, Guðbjört og Embla)

Fótboltalið nemenda: 7 í liði, 2x10 mín. Birgir og Signý stilla upp liði. Atli stillir upp starfsmannaliði. Gutti dæmir.

Kvikmyndir til áhorfs: Dumb and dumber (Ágúst útvegar), Hopp (Signý útvegar), Bend it like Beckham (Signý útvegar), Tangled (Brynjólfur útvegar), Indiana Jones 4 (Birgir útvegar)

Spil: frjáls spil í sal, íþróttakennarar og skólaliðar með umsjón.

Skákmót: Ágúst undirbýr í samráði við 6.-7. teymi